

7. febrúar 2007

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Varðar Norðausturveg til Vopnafjarðar

Í bréfi dagssettu 1. febrúar er leitað umsagnar veiðimálastjórnar Landbúnaðarstofnunar varðandi frummatsskýrslu vegna lagningar á vegi frá Brunahvamshálsi niður í Vopnafjörð. Frummatsskýrslan er viðamikil plagg, sem ræðir um þá valkosti sem fyrir hendi eru varðandi veg niður í Vopnafjörð.

Helstu leiðir sem fram koma í skýrslunni eru Hofsárdalsleið og Vesturárdalsleið, sem hvor um sig skiptist í tvær undirleiðir þegar neðar dregur. Fyrir liggur að Vegagerðin telur að svokölluð Vesturárdalsleið um Búastaði er talinn vera sá valkostur, sem heppilegastur er gagnvart umhverfisáhrifum og mælt er með því að sú leið verði fyrir valinu. Fram kemur að einnig er mælt með því að svokölluð Millidalaleið verði gerð en hún tengir saman Vesturárdal og Hofsárdal neðan Burstarfells.

Fyrir liggur ítarleg umsögn Veiðimálastofnunar til Vegagerðarinnar, sem dregur fram kosti og galla hvers valkosti miðað við áhrif framkvæmdanna og þeirrar umferðar sem þær skapa á hagsmuni í veiðimálum. Er þar rætt bæði um áhrif vegagerðar, brúargerðar og malartekju á búsvæði og veiðiskap í ánum. Þar kemur fram að Hofsá er mun viðkvæmari fyrir slíkum framkvæmdum vegna mikilla verðmæta tengdum veiðihlunnindum.

Undirritaður telur að frummatsskýrsla Vegagerðarinnar lýsi á raunhæfan hátt þeim hagsmunum, sem tengjast veiðimálum á þessu svæði, og tekur undir það sjónarmið að Vesturárdalsleið um Búastaði sé langheppilegasti valkosturinn fyrir hagsmuni í veiðimálum.

Fram kemur að áætlað er að taka verulegt magn af möl úr áreyrum við Hofsá burtséð frá því hvar vegur verður lagðir. Í því sambandi er rétt að benda á að skylt er að leita heimildar fyrir slíkri framkvæmd hjá Landbúnaðarstofnun í samræmi við 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, ef náman er staðsett innan 100 metra frá árbakka. Eðlilegt er að leggja áherslu á malartekju fjarri ánum, ef því verður við komið, en áhrif slíkrar malartekju verða þó skammvinn og jafna sig innan fárra ára, ef rétt er að verki staðið.

Virðingarfyllt

Árni Ísaksson, fagstj.
Veiðimálastjórn